

Skipulagsnefnd Akureyrar  
bt. Skipulagsstjóra

Akureyri 23.04.2021.

### **Málefni: Svæði 2 í Holtahverfi norður**

Búfesti hsf. ítrekar hér með vilja sinn til að fá formlega úthlutað mest öllu svæði 2 í Holtahverfi norður, sbr. nýsamþykkt deiliskipulag Akureyrarbæjar.

Búfesti hsf. hefur metið húsnæðisþörf félagsins að lágmarki 20-30 nýjar íbúðir á ári næstu 10 árin og er það án þess að taldar séu með íbúðir í samstarfi við EBAK. Á áðurnefndu svæði reiknar Búfesti hsf. með að um það bil 50% íbúðanna verði fyrir 60 ára og eldri. Auk íbúða fyrir 60 ára og eldri þarf félagið einnig almennar búsetuíbúðir, leiguíbúðir og vonandi einnig leiguíbúðir fyrir tekjulága hafi Akureyrarbær áhuga á að slíkar íbúðir verði reistar í þessu hverfi.

Búfesti hsf. lagði inn hugmynd að skipulagi til skipulagsnefndar árið 2019 og aftur breyttar hugmyndir 2020 og kemur sú hugmynd til með að verða útgangspunktur okkar í áframhaldandi vinnu með þetta svæði.

Búfesti hsf. hefur unnið að þessu verkefni hægt og rólega, en getur auðvitað ekki farið í endanlega og kostnaðarsama hönnun nema fyrir liggja formlegur samningur við Akureyrarbæ um lóðirnar. Hönnun er þó vel á veg komin á lóðum 2-6 og 8-10 enda ekki nema ár í að áætlað sé að hefja framkvæmdir. Á meðfylgjandi teikningu má sjá hvernig áætlað er að ná fram miklum samlegðaráhrifum með því að samnýta bílakjallara, brunakerfi, sprinklera, reykræstingu, loftræstikerfi, aðgangsstýringar og margt fleira á þessum lóðum. Hönnun okkar á lóðum 2-6, 8-10 og 12-16 gerir ráð fyrir samtals allt að 120 íbúðum. Þessi fjöldi er tilkomin vegna þess að þorri íbúða EBAK eru frekar litlar.

Samstarfsaðilar okkar í þessu verkefni eru:

Búfesti hsf. vinnur náið með EBAK varðandi byggingu á íbúðum fyrir 60+ en aðalhönnun verður í höndum Opus ehf. sem mun bera ábyrgð á allri hönnun, en rafmagnshönnun sem verður í höndum Raftákns ehf. Jarðvinnuverktaki verður GV gröfur ehf. og aðalbyggingaverktaki okkar verður Tréverk ehf.

Samþykki bæjaryfirvöld umsókn okkar er ætlunin að hefja byggingarframkvæmdir á svæðinu í maí 2022 og byrjað yrði á íbúðum fyrir 60+, enda mikil eftirspurn eftir slíkum íbúðum. Vissulega er þó einnig mikil ásókn félagsmanna okkar í almennar íbúðir á þessu svæði.

Varðandi framkvæmdarhraða, þá hefur það verið ósk félagsins að fá 4 ár til að fullbygga svæðið en með hliðsjón af eftirspurn eftir almennum íbúðum hjá félaginu er í athugun að hraða framkvæmdum enn frekar. Aðgengi að lánsfjarmögnun er góð í augnablikinu og mikill áhugi á meðal verktaka í bænum á að vinna fyrir félagið gerir það að verkum að hröðun framkvæmdatíma virðist vera félaginu hagfelld.

Með von um áframhaldandi góðar undirtektir.

F.h. Búfesti hsf.  
Eiríkur H. Hauksson